

REGLUGERÐ

um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2012.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2012:

	<i>frítekjumark kr.</i>	<i>efra tekjumark kr.</i>
a. Vegna fjármagnstekna (allar bætur)	98.640	
b. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. 2. másl. b-liðar 2. mgr. 16. gr.	480.000	
c. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. ákvæði til bráðabirgða	1.315.200	
d. Ellilífeyrir skv. 2. mgr. 17. gr.	2.575.220	4.148.420
e. Örorkulífeyrir skv. 5. mgr. 18. gr.	2.575.220	4.148.420
f. Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr.	2.575.220	4.125.940
g. Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr.	2.575.220	4.148.420
h. Aldurstengd örorkuuppbót (100%) skv. 1. mgr. 21. gr.	2.575.220	4.148.420
i. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 2. mgr. 22. gr.	120.000	
j. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 3. mgr. 22. gr.	328.800	
k. Vasapeningar skv. 3. másl. 8. mgr. 48. gr.		865.348
l. Vasapeningar skv. 5. másl. 8. mgr. 48. gr.	812.774	

2. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2012:

	<i>frítekjumark kr.</i>	<i>efra tekjumark kr.</i>
a. Endurhæfingarlífeyrir skv. 1. mgr. 7. gr.	2.575.220	4.148.420
b. Sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr.		
Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót		203.005
Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót		174.946

3. gr.

Tekjumörk bóta samkvæmt reglugerð nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2012:

	<i>efra tekjumark kr.</i>
Frekari uppbætur skv. 12. gr.	2.400.000

4. gr.

Frítekjumark: Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem ekki hefur áhrif á bætur.

Efra tekjumark: Með efra tekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem veldur því að bætur falla niður.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., og 17. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2012. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1009/2010 um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2011, með síðari breytingu.

Velferðarráðuneytinu, 22. desember 2011.

Guðbjartur Hannesson.

_____ *Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*